

# Af alkemistum og úrtölumönnum

Eftir Kára Arnór Kárason

NOKKRAR um ræður hafa spunnist um tillögu sjálfstæðismanna um að skattleggja innborganir til lífeyrissjóða, í stað þess að skattleggja greiddan lífeyri. Hafa sumir talið að tillagan komi úr smiðju gullgerðarmanna (alkemista) þar sem búin séu til verðmæti úr engu og tillagan eða öllu heldur framsetning hennar ber nokkurn keim af þeim hugsunarhætti. Einn flutningsmanna tillögunnar, Tryggvi Þór Herbertsson, hefur kallað gagnrýnendur úrtölumenn. Vert er að fara um þessa tillögu nokkrum orðum.

## Skattlagning lífeyrissparnaðar

Lífeyrissparnaður er skattlagður með ýmsum hætti í heiminum, en almennt er viðurkennt að tvær aðferðir séu hagkvæmastar að þessu leyti og hafa þær verið kallaðar EET og TEE (E=exempt, T=taxed). Sú fyrri er notuð hér á landi og byggist á því að undanþiggja iðgjöld og fjármagnstekjur, en skattleggja útborganir. Hin seinni byggist á því að skattleggja iðgjöld, en undanskilja fjármagnstekjur og útborganir. Aðferðirnar eru það sem kallað er hlutlausar, þ.e. þær gera ekki upp á milli neyslu nú og í framtíðinni. Aðrar skattlagningar aðferðir eru yfirleitt taldar letja til sparnaðar, þ.e. gera neyslu nú hagkvæmari en neyslu í framtíðinni. Af þessu leiðir að einu gildir hvort skattur er tekinn við inngreiðslu eða útgreiðslu, niðurstaðan er sú sama, enda miðað við að greiðsla og skatthlutföll séu óbreytt.

## Hagkvæmni skattfrestunar

Hagkvæmni skattfrestunar felst ekki í ávöxtun á skatthluta iðgjaldsins heldur í jöfnunaráhrifum skattkerfisins. Flest skattkerfi hafa innbyggð jöfnunaráhrif þannig að virkt skatthlutfall er lægra eftir því sem tekjur lækka. Í íslenska skattkerfinu er það persónuafslátturinn. Yfirleitt eru lífeyristekjur talsvert lægri en



Kári Arnór Kárason

launatekjur og því hagkvæmara að greiða skattinn af útborgun úr kerfinu fremur en inngreiðslu. Fyrir meðalmanninn á Íslandi í dag (með 350.000 á mánuði) þá myndi skatthlutfallið lækka um ríflega 5% mv. að lífeyristekjur næðu 70% af launatekjum. Þá minnkar eftirágreiðsla einnig svokallaða stjórn- málaáhættu (policy risk), þ.e. að skattareglum eða samspili lífeyrissjóða og almannatrygginga sé breytt eftir á. Sagan sýnir að þessi áhætta er nokkur (tillaga sjálfstæðismanna er reyndar ágæt áminning í því efni).

## Er verið að tala um skattlagningu á inngreiðslur?

Tillögur sjálfstæðismanna hafa ekki verið útfærðar nákvæmlega, en af umræðunni má álykta að í raun sé ekki verið að tala um að skattleggja innborganir. Ef krónunum á ekki að fækka í umslagi launamanns er fremur verið að skattleggja væntalega útgreiðslu (sem getur verið meira en 40 árum seinna). Þetta gerir tillöguna sérstaka. Ef þetta er rétt skilið þá er virk skattprósenta á iðgjaldið 24,8% sem þýðir að skattar aukast á þeim sem eru með 387 þús kr. laun og lægri en minnka á þeim sem eru með hærri tekjur. Varla er hugmyndin að breyta skattlagningu tekjuhærri hópunum í vil?

Raunar væri auðveldara að útfæra tillöguna þannig að iðgjaldið væri skattlagt og lækkað í 2,5% og mótframlagið væri lækkað í 5%, en tryggingagjald þess í stað hækkað um 3%. Slík breyting sýnir betur hvað verið er að leggja til og gæfi ríkissjóði svipaðar tekjur.

## Íslenska kerfið er tryggingakerfi

Almenna lífeyrissjóðakerfið á Íslandi er að mestu leyti tryggingakerfi. Einstaklingar ávinna sér rétt til tryggingabóta úr kerfinu en ekki inneign. Í slíku kerfi safnar hver einstaklingur fyrir sínum lífeyri „að meðaltali“ – en mikill munur getur þó verið á inn- og útborgunum. Þannig standa þeir sem eru skammlífir undir hluta af

» Þá er í raun enginn stór munur á skattahækkun með þessari aðferð og öðrum skattahækkunum. Áhrifin eru svipuð.

lífeyri þeirra sem eru langlífir, þeir sem ekki verða öryrkjar undir lífeyri öryrkja o.s.frv. Þetta gerir það að verkum að kerfi með skattlagningu inngreiðslna er ósanngjarn. Samngjarnara er að leggja skattinn á þann sem hefur tekjurnar en þann sem borgar iðgjaldið.

## Samspil lífeyrissjóða og almannatryggingakerfis

Einn mesti ljóður á lífeyriskerfinu á Íslandi í dag er flókið samspil milli lífeyrissjóða og almannatrygginga. Þrátt fyrir þrálát loforð stjórnvalda um að taka á þessu erfða máli og einfalda kerfið þá er ólíklegt að úr rætist í bráð. Þetta þýðir að tekjur frá lífeyrissjóði hafa áhrif á bætun almannatrygginga. Ef tekin væri upp skattlagning á innborgunum þá myndu lífeyrisþegar framtíðarinnar verða með blöndu af skattlögðum og óskattlögðum lífeyri. Þetta hlutfall yrði einstaklingsbundið. Til að ná jafnræði gangvart almannatryggingakerfinu þyrftu að vera reglur bæði um skattlagðan og óskattlagðan lífeyri. Ekki veit ég hvort á núverandi flækjustig er bætandi en þessi breyting mun auka það til mikilla muna.

## Ekki góð tillaga

Eins og ég hef rakið hér að framan eru margir gallar við þessa tillögu og þeir eru ekki allir tæknilegs eðlis. Þá er í raun enginn stór munur á skattahækkun með þessari aðferð og öðrum skattahækkunum. Áhrifin eru svipuð. Jafnframt verður að teljast ólíklegt að skattahækkun sem væntanlega leiðir til lækkunar á þjóðhagslegum sparnaði, og þar með fjárfestingum, örvi hagvöxt og flýti fyrir bata í íslensku efnahagslífi. Tillagan er því ekki góð og viðfangsefni alkemíunnar eru enn óleyst.

Höfundur er hagfræðingur.

